



## Efnismagn í gömlum námum í landi Glerár

**Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson**  
Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

### - Greinargerð unnin fyrir Akureyrarbæ

Þann 25. júní s.l. könnuðu undirritaðir efnismagn í gömlum námum í nágrenni Glerár og mátu gróflega magn vinnanlegs efnis sem eftir er í námunum. Var þetta gert að beiðni Guðmundar Guðlaugssonar, deildarstjóra framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar. Könnunin var framkvæmd á þann hátt að afmörkuð voru nokkur svæði í landinu (sjá meðfylgjandi mynd), þar sem talið var að eitthvert efnismagn leyndist, flatarmál þeirra ákvarðað með hjálp GPS-tækis og ályktað um efnisgerð út frá opnum í námuveggjunum. Hér á eftir fylgir svo lýsing á viðkomandi svæðum, efnisgerð á þeim og gróft mat á vinnanlegu efnismagni.

Rétt er að hafa í huga að efnisgerð í Glerárnámum þótti mjög mismunandi þegar þær voru í vinnslu. Sagan segir að þarna hafi verið hægt að fá allt frá hreinni mól yfir í leirríkan sand og jökulruðning. Framan af var vinnsla og frágangur á svæðinu með endemum og lítið hugsað um að vinna skipulega eða ryðja mold og jarðvegi ofan af. Síðustu árin hefur svo Mól og sandur hf. reynt að vinna eitthvað af því nýtanlega efni sem eftir var. Í dag er því lítið orðið eftir góðu efni í námunum og sums staðar svarar varla kostnaði að hirða það vegna erfiðleika í vinnslu, t.d. vegna jarðvegsþykktar auk moldarfrákasts úr gömlu gryfjunum sem á sinni tíð var ýtt út yfir jarðveginn. Á öðrum stöðum eru stórir skikar óskertir en það efni sem þar leynist undir virðist oftast frekar lélegt að efnisgæðum, leirríkur sandur eða jökulruðningur, og svo lítið af mól að ekki svarar kostnaði að vinna hana.

#### **Svæði 01**

Þetta svæði er neðst og austast á könnunarsvæðinu. Í skurði í gryfjubotni sunnan við þetta svæði og nær Glerárgili sést í fingerð sandlög og malarlög en inn á svæðinu sjálfu virðist aðeins vera um jökulruðning að ræða í gryfjubotni. Það er því mat okkar að lítið sem ekkert vinnanlegt malarefni sé eftir á þessu svæði.

#### **Svæði 02**

Þetta svæði er vestan við svæði 1 og er að mestu hulið 3-4 m þykkum jarðvegi. Í skurðbotni á svæðinu sást í mól og í gryfjuveggjum í suðurkanti sást í um 2 m þykkt lag af mól, steinum og fínsandi sem greinilega verður mjög fínefnaríkur niður á við. Svo virðist sem mölin sé aðeins um 0,5-1 m skæni ofan á fínefnaríku efninu. Þarna var afmarkaður um 11.000 m<sup>2</sup> skiki og þar gætu leynst um 22.000 m<sup>3</sup> af blöndu af mól og fínsandi. Sennilega eru þarna varla nema 5.500 m<sup>3</sup> af malarefni sem viðbúið er að

sé eitthvað blandað mýrarrauða. Ef nýta á þetta svæði er æskilegt að grafa a.m.k. tvær tilraunagryfjur nyrst á svæðinu til að kanna efnisgerð þar. Efnisvinnsla á þessu svæði er sennilega óraunhæf sökum kostnaðar því líkast til þarf að fjarlægja um 35-45.000 m<sup>3</sup> af mold ofan af lélegu efni.

### **Svæði 03**

Þetta svæði er mjög svipað og svæði 02 en hér er um að ræða um 13.000 m<sup>2</sup> spildu sem orðið hefur eftir á milli efnisgryfja og hefur moldinni ofan af gryfjunum verið ýtt upp í háa múga á jöðrum skikans. Að öðru leyti eru aðstæður svipaðar og á svæði 02 nema hérna er e.t.v. heldur meira af malarefni. Gera má ráð fyrir að hérna finnist um 26.000 m<sup>3</sup> blanda af mól og fínsandi. Efnið verður að teljast lélegt að gæðum og fínasti hlutinn af því á mörkunum að vera frostfrír. Til að nýta þetta efni þarf að fjarlægja um 40-50.000 m<sup>3</sup> af mold og jarðvegi þannig að efnisvinnsla virðist hér frekar óhagkvæm.

### **Svæði 04**

Hér er um að ræða hluta af hól sem skilinn hefur verið eftir næst bænum á Glerá. Efni í gryfjum í hólinn er fínsandur sem virðist nokkuð leirríkur og um 6 m þykkur. Þessi spilda er um 7.200 m<sup>2</sup>. Þarna gætu því leynst um 30-40.000 m<sup>3</sup> af fínsandi undir um 20-30.000 m<sup>3</sup> af mold og jarðvegi. Þessa dagana er verið að ganga frá efnisvinnslu-svæði í stórum hól vestan við og er efnisvinnslan þar komin niður í sams konar efni og á svæði 04. Gengið er frá svæðinu sökum þess að fínsandurinn er ekki talinn nothæfur. Á þeim forsendum er efnisvinnsla á svæði 04 varla raunhæf.

### **Svæði 05 og 06**

Þessum svæðum hefur hér verið slegið saman í eitt þótt í þau hafi verið mæld sitt í hvoru lagi. Hér um að ræða langan mjóan hrygg sem af einhverjum ástæðum hefur orðið á eftir milli gamalla efnisgryfja. Moldarfrákastinu ofan af gömlu gryfjunum hefur verið ýtt út yfir á jarðveginn í hryggnum, þannig að hér er töluvert efni sem fjarlægja þarf ofan af. Efnið í sjálfum hryggnum er steinar, mól og sandur og er það talið sams konar efni sem þótti eftirsóknarvert í Glerárnámum, þótt nokkuð sé það groddalegt. Þykkt malarinnar í hryggnum er nokkuð mismunandi, 10 m að vestanverðu og 6 m að austanverðu. Samanlagt flatarmál er um 4.200 m<sup>2</sup> þannig að gera má ráð fyrir að þarna séu um 25-35.000 m<sup>3</sup> af vinnanlegu efni en viðbúið er að fjarlægja verði um 13-17.000 m<sup>3</sup> af mold og jarðvegi ofan af áður en vinnsla hefst.

02.07.03/HGP/HBJ



## Námsvæðin við Glerá

